

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð, 150 Reykjavík.
Sími 545 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Veffang: http://lagabirting.is
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa)
ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)
Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.

Nr. 92

95. ár

Miðvikudaginn 4. september 2002

Auglýsing

um einkarétt á skipsnafni

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 115/1985 um skráningu skipa hefur Siglingastofnun Íslands veitt Guðbjarti SH-45 ehf., kt. 460502-2330 einkarétt á skipsnafninu **Guðbjartur**.

Kópavogi, 20. ágúst 2002.
F.h. Siglingastofnunar Íslands,
Stefán Geir Karlsson.

(10108)

Laus störf

Keflavíkurflugvöllur.

Lausar eru til umsóknar 11 stöður lögreglumanna hjá embætti sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli. Umsóknum skal skilað til Jóhanns R. Benediktssonar sýslumanns, en umsóknarfrestur rennur út þann 10. september 2002. Óskar Þór-mundsson yfirlögregluþjónn, veitir nánarir upplýsingar um stöðurnar.

Vík.

Laus er til umsóknar staða lögreglumanns hjá embætti sýslumannsins í Vík í Mýrdal, með starfsstigið varðstjóri/rannsóknarlögreglumaður. Umsóknum skal skilað til Sigurðar Gunnarssonar sýslumanns, sem veitir jafnframt nánari upplýsingar um stöðuna, en umsóknarfrestur rennur út þann 10. september 2002.

Ráðningarkjör eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna. Starfshlutfall er 100%. Umsækjendur skulu hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað af viðkomandi lögreglustjóra þegar ákvörðun um skipun, setningu eða ráðningu hefur verið tekin af ríkislögreglustjóra, eða dómsmálaráðherra, sem skipar eða setur yfir- og aðstoðaryfirlögregluþjóna.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórum. Einnig er hægt að nálgast þau á lögregluvefnum, www.logreglan.is, undir liðnum „Eyðublöð“.

Konur eru sérstaklega hvattar til að sækja um.

Reykjavík, 26. ágúst 2002.
Ríkislögreglustjórinn.

(10120)

Ísafjörður.

Laus er til umsóknar ein staða lögreglumanns hjá embætti sýslumannsins á Ísafirði. Umsóknum skal skilað til Sigríðar Guðjónsdóttur sýslumanns, en umsóknarfrestur rennur út þann 13. september 2002. Önundur Jónsson yfirlögregluþjónn, veitir nánari upplýsingar um stöðuna.

Auglýsing

um deiliskipulag Kirkjumós í Mosfellsdal, Mosfellsbæ

Á fundi bæjarstjórnar þann 21. ágúst 2002 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi fyrir Kirkjumó í Mosfellsdal, Mosfellsbæ.

Skipulagstillagan nær til lands sem er sunnan Þingvallavegar og austan Æsustaðavegar. Samkvæmt tillögunni, sem nær til hluta landsins, er gert ráð fyrir heimild til byggingar íbúðarhúss og þjónustubygginga sem tengjast gróðrarstöð og veitingarekstri. Fyrst í stað er gert ráð fyrir 120 m² byggingu fyrir veitingarekstur.

Fyrir er á landinu gróðrarstöðin Mosskógar.

Tillagan verður til sýnis í afgreiðslu bæjarskrifstofu Mosfellsbæjar, að Þverholti 2, fyrstu hæð frá 4. september 2002 til 16. október 2002. Athugasemdir ef einhverjar eru, skulu hafa borist skipulagsnefnd Mosfellsbæjar fyrir 18. október 2002. Einnig verður hægt að skoða hana á heimasíðu Mosfellsbæjar, mos.is.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunum.

Bæjarverkfræðingurinn í Mosfellsbæ.

(10110)

Auglýsing

um deiliskipulag í Reykjavík

Leirubakki 34-36, breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á deiliskipulagi varðandi lóðina nr. 34-36 við Leirubakka í Reykjavík.

Um er að ræða breytingu á eldra deiliskipulagi. Gerir tillagan m.a. ráð fyrir að lóðinni verði breytt að fullu í íbúðasvæði, heimilt verði að byggja eina hæð ofan á húsið nr. 36 við Leirubakka og breikka það. Í húsinu verði allt að 18 íbúðir. Þá gerir tillagan ráð fyrir að lóð hússins minnki og að hluta grassvæða, sem nú eru innan lóðarinnar, verði breytt í u.þ.b. 24 bílastæði sem verða í eigu Reykjavíkurborgar. Tillagan gerir og ráð fyrir að heimilt verði að færa spennistöð, sem nú er áföst húsinu, syðst á leiksvæði milli Jörfabakka 32 og Mariubakka 18.

Tillagan liggur frammi í sal skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 10.00 – 16.00 frá 4. september 2002 til 16. október 2002. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við hana skal skila skriflega til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 16. október 2002.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögunar.

Reykjavík, 28. ágúst 2002.
Skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkur.

(10316)

Auglýsing

um breytingar á aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997–2017, Möðruvallavegur

Samkvæmt ákvæðum 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er lýst eftir athugasemdum við breytingar á aðalskipulagi Arnarneshrepps. Breytingin felst í því að vegur nr. 813 (Möðruvallavegur) er felldur niður frá gatnamótum við veg nr. 815 (Hörgárdalsveg) að syðri kirkjugarði á Möðruvöllum. Þess í stað er vegur nr. 813 sveigður til austurs við aðkomuveg að íbúðarbyggð og tengdur vegi nr. 82 (Ólafsfjarðarvegi).

Tillagan mun liggja frammi á skrifstofu oddvita að Möðruvöllum II frá 4. september 2002 til 2. október 2002. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu oddvita fyrir 8. október 2002.

Oddviti Arnarneshrepps,
Hjördís Sigursteinsdóttir.

(10319)

Auglýsing

um mat á umhverfisáhrifum – úrskurður Skipulagsstofnunar

Vikurnám á Mýrdalssandi, Mýrdalshreppi.

Skipulagsstofnun hefur úrskurðað samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Fallist er á vikurnám á Mýrdalssandi, Mýrdalshreppi, eins og því er lýst í matsskýrslu framkvæmdar-aðila.

Úrskurðurinn í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Úrskurðinn er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: www.skipulag.is.

Úrskurð Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til 2. október 2002.

Skipulagsstofnun.

10318)

Auglýsing

um úthlutun styrkja

Frímerkja- og póstsögusjóður var stofnaður með reglum nr. 449, 29. október 1986. Gildandi reglur eru nr. 453, 18. maí 2001.

Tilgangur sjóðsins er efla og styrkja störf og rannsóknir á sviði frímerkjafræða og póstsögu og hvers konar kynningar- og fræðslustarfsemi til örvunar á frímerkjasöfnum, svo sem með bóka- og blaðaútgáfu. Eins skal sjóðurinn styrkja sýningar og minjasöfn, sem tengjast frímerkjum og póst-sögu.

Styrki má veita félagasamtökum, einstaklingum og stofnunum.

Næsta úthlutun styrkja fer fram á degi frímerkisins 9. október 2002. Umósknir um styrki skal senda til stjórnar sjóðsins, b.t. Halldórs S. Kristjánssonar, samgönguráðuneytinu, Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu, 101 Reykjavík.

Umsóknum skal fylgja ítarleg greinargerð um í hvaða skyni sótt er um styrk.

Umsóknarfrestur er til 15. september 2002.

Reykjavík, 15. júlí 2002.

Stjórn Frímerkja- og póstsögusjóðs.

8749 b)

Nauðungarsölur

Vestmannaeyjar

Eftirtalдар beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Heiðarvegi 15, Vestmannaeyjum, fimmtudaginn 3. október 2002 kl. 9.30, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Áshamar 57, 1. hæð til vinstri (010101) 50% eignarhl. gþ. 10322)	Jóhann Sveinn Sveinsson	Íslandsbanki-FBA hf.	153.419
Brattagata 11, efri hæð 10323)	Guðrún Jóna Gunnarsdóttir	Íslandsbanki-FBA hf.	633.920
Strandvegur 81-83-85 10324)	Lifró ehf.	Vestmannaeyjabær	1.018.600
Vestmannaeyjum, 22. ágúst 2002. Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, Páley Borgþórsdóttir ftr.			

Kópavogur.

Laus er til umsóknar staða lögreglumanns hjá embætti sýslumannsins í Kópavogi, með starfs-stigið varðstjóri/rannsóknarlögreglumaður. Um-sóknum skal skilað til Þorleifs Pálssonar sýslu-manns, en umsóknarfrestur rennur út þann 13. september 2002. Friðrik Björgvinsson yfirlög-regluþjónn, veitir nánari upplýsingar um stöð-una.

Ráðningarkjör eru skv. kjarasamningi fjár-málaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna. Starfshlutfall er 100%. Um-sækjendur skulu hafa lokið prófi frá Lögreglu-skóla ríkisins. Umsóknir sem berast eftir að um-

sóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað af viðkomandi lögreglustjóra þegar ákvörðun um skipun, setn-ingu eða ráðningu hefur verið tekin af ríkislög-reglustjóra, eða dómsmálaráðherra, sem skipar eða setur yfir- og aðstoðaryfirlögregluþjóna.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðu-blöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórum. Einnig er hægt að nálgast þau á lögregluvefnum, www.logreglan.is, undir liðnum „*Eyðublöð*“.

Konur eru sérstaklega hvattar til að sækja um.

Reykjavík, 28. ágúst 2002.
Ríkislögreglustjórinn.

(10325

Stefnur

Dómstjóri héraðsdóms Reykjaness, Ólöf Pétursdóttir

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Pharmaco hf., kt. 500268-7319, Hörgatúni 2, Garðabæ, að félagið þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjaness til ógildingar á veðskuldabréfi.

Málflutningsumboð: Brynjólfur Kjartansson hrl., Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir stefnanda.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dóm-kröfur, að ógilt verði með dómi veðskuldabréf að fjárhæð kr. 500.000 útgefið í Reykjavík af Gosdrykkjaverðsmiðjunni Sanitas hf. (Gosan hf.), kt. 550191-1059, Köllunarklettsvegi 4, Reykjavík, til Sanitas hf., kt. 540383-0389, s.st.

Höfuðstóll veðskuldabréfsins skyldi greiddur á 5 árum með 8 afborgunum á 6 mánaða fresti, 1. janúar og 1. júlí ár hvert, í fyrsta skipti 1. júlí 1992.

Skuldin samkvæmt veðskuldabréfinu var bundin lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 2969.

Í vexti af skuldinni, eins og hún væri á hverj-um tíma, skuldbatt útgefandi sig til þess að greiða vexti Íslandsbanka hf. af sambærilegum bréfum skv. auglýsingu Seðlabanka Íslands. Vextirnir skyldu greiddir frá 17. janúar 1991 og greiðast eftir á í hinum sömu gjalddögum og afborganirnar, í fyrsta sinn 1. júlí 1991.

Veðskuldabréf þetta var upphaflega tryggt með 7. samhliða veðrétti í fasteigninni Hörga-túni 2, Garðabæ, eign stefnanda. Samhlijóða bréfi þessu voru gefin út 9 samhlijóða bréf og 10 bréf að fjárhæð kr. 2.000.000 og samtals hvíldu því á 6. veðrétti fasteignarinnar kr. 25.000.000. Í texta veðskuldabréfsins var það talið vera veðsett með 6. veðrétti, en skv. áritun þinglýs-ingarstjóra var röng tilgreining fyrri veðréttá í skjalinu. Bréfin voru merkt í númeraröð I-XX, en bréf það sem stefnt er til ógildingar á var merkt V.

Skuldabréfið var móttekið til þinglýsingar 6. maí 1991 og merkt A-3655 og innfært 7. maí s.á.

Málsástæður og önnur atvik: Stefnandi kveð-ur veðskuldabréf þetta ásamt vöxtum og verð-bótum að fullu greitt, en frumrit þess hafi glatast og ekki fundist þrátt fyrir ítrekaða leit. Honum sé því, sem þinglýstum eiganda fasteignarinnar nauðsynlegt að fá það ógilt með dómi til þess að fá því aflýst.

Sönnunargögn: Stefnandi mun við þingfest-ingu málsins m.a. leggja fram ljósrit framan-greinds veðskuldabréf, þinglýsingavottorð og það eintak Lögbirtingablaðsins þar sem stefna þessi birtist.

Lagarök: Stefnandi vísar til 120.-121. gr. laga nr. 91/1991.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint skuldabréf undir höndum, eða telur til réttar yfir því, til þess að sækja dómþing héraðsdóms Reykjaness, sem háð verður í dómhúsinu Fjarðargötu 9, Hafnar-firði, miðvikudaginn 9. október 2002 kl. 9 f.h., til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð, á dómkröfur að hlýða og svara til sakar og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ella má búast við því að veðskuldabréfið verði ógilt með dómi.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Hafnarfirði, 19. ágúst 2002.

Ólöf Pétursdóttir.

(9914

Dómstjóri héraðsdóms Reykjavíkur, Friðgeir Björnsson

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Brynjar Þór Níelsson hæstaréttarlögmaður, að hann þurfi, f.h. umbjóðenda sinna Jóhönnu Garðarsdóttur,

kt. 190955-2819 og Jakobs Guðmundssonar, kt. 140956-4739, báðum til heimilis að Drápuhlíð 9, Reykjavík, að höfða dómsmál á hendur óþekktum handhöfum tveggja veðskuldabréfa til ógildingar þeirra.

Dómkröfur: Stefnendur kveðast gera þær dómkröfur í málinu að ógilt verði með dómi tvö veðskuldabréf, hvort um sig að fjárhæð kr. 550.000, sem útgefin voru í Reykjavík, 18. október 1988, af stefnendum, Jakobi Guðmundssyni og Jóhönnu Garðarsdóttur, til handhafa er upphaflega voru tryggð með 4. veðrétti í efri hæð fasteignarinnar Drápuhlíð 9, Reykjavík, en hvíla nú á 2. veðrétti hennar.

Málsatvik: Málsatvik segja stefnendur vera þau, að þau hafi, þann 18. október 1988, gefið út tvö veðskuldabréf, hvort um sig að fjárhæð kr. 550.000 til handhafa og hafi þau verið merkt í númeraröðinni 1-2. Hafi stefnendum borið að endurgreiða veðskuldabréfin með fjórum afborgunum á jafnmörgum árum. Hafi gjalddagi fyrstu afborgunar verið þann 5. nóvember 1988 og hafi borið að greiða afborganir á þeim degi ár hvert.

Segja stefnendur að veðskuldabréfum þessum hafi verið ætlað að bera vexti er skyldu vera jafnháir meðalvöxtum sambærilegra skuldabréfa skv. auglýsingum Seðlabanka Íslands, en vextirnir hefðu aldrei átt að verða hærri en 20% á ári. Þá hafi höfuðstóll veðskuldabréfanna verið verðtrygður með lánskjaravísitölu, að því er virðist, er miðaðist við 402 stig.

Stefnendur segja að til tryggingar skaðlausri greiðslu veðskuldabréfanna hafi verið sett að veði efri hæð fasteignarinnar Drápuhlíðar 9, Reykjavík og hafi þáverandi þinglýstur eigandi fasteignarinnar, Jón Benediktsson, lýst sig samþykkan þeim ráðahag. Hafi veðskuldabréfin upphaflega hvílt samhliða á 4. veðrétti fasteignarinnar, skv. ákvæðum í veðskuldabréfunum sjálfum, en að þau hvíli nú á 2. veðrétti eignarinnar. Hafi þess þá verið getið í veðskuldabréfunum að á undan veðrétti þeirra mættu á hverjum tíma hvíla verð- og vísitölutryggð lán allt að fjárhæð kr. 1.500.000.

Stefnendur segja ennfremur að veðskulda­bréfin hafi verið afhent til þinglýsingar hjá sýslumanninum í Reykjavík þann 20. október 1988 og þau fengið þinglýsinganúmerin 020976 (veðskuldabréf nr. 1) og 020977 (veðskuldabréf nr. 2). Segja stefnendur að veðskuldabréfunum hafi verið þinglýst þar án athugasemda þann 25. október 1988.

Stefnendur segja að þau hafi að fullu greitt allar afborganir veðskuldabréfanna. Segja stefnendur hins vegar að þeim sé ekki kunnugt um hvort afborganir þeirra af veðskuldabréfum þessum hafi verið færðar inn á frumrit þeirra og segjast ekki hafa fengið frumrit skuldabréfanna í hendur til aflýsingar. Þá segjast stefnendur hafa á undanförnum mánuðum gert ítarlega leit að frumritum skuldabréfanna, en hvorki handhafi bréfanna né frumrit þeirra hafi komið í ljós við þá eftirgrennslan. Segjast stefnendur því telja að veðskuldabréf þessi séu nú glötuð og er þeim þannig nauðsyn að fá í hendur dóm fyrir rétti sínum til veðskuldabréfanna fullgreiddra, enda hafi þau nú selt hina veðsettu fasteign og nýjum eigendum sé nauðsynlegt að fá veðskuldabréfum þessum byggt út úr veðmálabókum svo nýjum lán­um vegna kaupa þeirra á fasteigninni fái­st þinglýst.

Málsástæður: Stefnendur segjast byggja dómkröfur sínar á þeirri meginreglu skulda­bréfaréttar að skuldareigendum beri að afhenda skuldurum frumrit veðskuldabréfa árituð um uppgreiðslu þeirra er skuldarnir hafi lokið skyldum sínum samkvæmt þeim. Telja stefnendur sig því hafa átt að fá veðskuldabréfin í hendur er ofangreint samkomulag um niður-

fellingu síðustu greiðslna skv. veðskuldabréfunum var gert. Segjast stefnendur hafa þannig fullnægt öllum skyldum sínum skv. veðskulda­bréfunum og því beri þeim dómur fyrir þeim rétti sínum að mega ráðstafa réttindum skv. bréfunum.

Þá kveðast stefnendur vísa til 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála varðandi heimild sína til að höfða mál þetta með þeim hætti sem gert er á hendur hinum óþekktu handhöfum og hafa uppi þær dómkröfur sem gerðar séu í málinu.

Sönnunargögn: Stefnendur segjast munu leggja fram eftirtalin gögn, dómkröfum sínum til stuðnings, við þingfestingu málsins: Ljósrit þinglýstra veðskuldabréfa og veðbókarvottorð.

Málflutningsumboð: Stefnendur segja að Brynjar Þór Nielsson hæstaréttarlögmaður, muni fara með mál þetta af þeirra hálfu.

Fyrirkall og áskorun: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim sem kynni að hafa framan­greind veðskuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir þeim, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur er háð verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, þriðjudaginn 8. október 2002, kl. 10.00 árdegis, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki lögð í dóm, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til veðskuldabréfanna. Að öðrum kosti má handhafi bréfanna búast við því að útivistar­dómur gangi í málinu og kröfur stefnenda verði teknar til greina.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 21. ágúst 2002.
Dómstjórinn í Reykjavík,
Friðgeir Björnsson.

(10116

Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum þann 21. júní 2002, var dánarbú Aðalbjörns Þormóðssonar, kt. 110349-3009, síðast til heimilis á Akureyri, en hann andaðist þann 6. mars 2002, tekið til opinberra skipta. Var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri dánarbúsins sama dag.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur dánarbúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra að Geislagötu 5, 600 Akureyri.

Akureyri, 22. ágúst 2002.
Helgi Teitur Helgason hdl.

(10321 a

Skiptafundir

Skiptafundur í þrotabúi Sigurjóns Páls Haukssonar, kt. 200248-4309, Urðargötu 6, Patreksfirði, verður haldinn á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra í búinu að Aðalstræti 24, 3. hæð, Ísafirði, föstudaginn 20. september 2002 kl. 11.00. Verði ekki upplýst um eignir í búinu í síðasta lagi á þeim fundi, má vænta að skiptum verði þá lokið með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991.

Ísafirði, 15. ágúst 2002.
Björn Jóhannesson hdl.

(9918

Skiptafundur í þrotabúi Óskar ehf., kt. 650466-0129, Brúnagerði 11, Húsavík, verður haldinn í skrifstofu undirritaðs skiptastjóra í

búinu að Garðarsbraut 7, Húsavík, mánudaginn 16. september 2002 kl. 10.00.

Komi ekki fram ábendingar um eignir í síðasta lagi á þeim fundi mun skiptum í búinu verða lokið með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991.

Húsavík, 16. ágúst 2002.
Berglind Svavarsdóttir hdl.

(10065

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Vestfjarða, uppkveðnum 20. mars 2002 var bú Sigurðar E. Thoroddsen, kt. 090171-3219, Urðargötu 6, Patreksfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum því lokið á skiptafundi í dag samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, sem námu kr. 5.157.984 auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Ísafirði, 16. ágúst 2002.
Björn Jóhannesson hdl.

(9910

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum föstudaginn 21. desember 2001, var bú Véla og málms ehf., kt. 700591-1749, Flatahrauni 25, Hafnarfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum því lokið í dag samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, sem endanlega námu samtals kr. 6.510.983 auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Reykjavík, 16. ágúst 2002.
Viðar Lúðvíksson hdl.,
skiptastjóri.

(9912

Fyrirtækjaskrá

Nýskráningar

Félagið heitir: **Census ehf.**

Kt.: 630102-3750.

Heimili og varnarþing: **Flugumýri 16d, 270 Mosfellsbæ.**

Dagsetning samþykktar er: 10. janúar 2002.

Stofnandi: Inga Þuríður Þorláksdóttir, kt. 020658-5419, Laufengi 8, 112 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 10. janúar 2002:

Stjórnarmaður: Inga Þuríður Þorláksdóttir.

Varamaður: Ásgerður Ágústa Andreasen, kt. 120658-3959, Breiðvangi 24, 220 Hafnarfirði.

Firmað ritar: Stjórnarmaður.

Prókúruumboð: Inga Þuríður Þorláksdóttir.

Skoðunarmenn/endurskoðendur: Endurskoðun/reikningsskil hf., kt. 510990-2269, Stangarhyl 5, 110 Reykjavík og Sigurður Tryggvi Sigurðsson, kt. 220357-2449, Hnotubergi 31, 221 Hafnarfirði.

Hlutfé: 500.000 kr.

Tilgangur: Tilgangur félagsins er rekstur hvers konar skrifstofuþjónustu, bókhald og launavinnsla, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutum: Nei.

(4667

Félagið heitir: Grensáseignir ehf.
Kt.: 630102-3830.
Heimili og varnarþing: Grensásvegi 10, 108 Reykjavík.
Dagsetning samþykktar er: 21. janúar 2002.
Stofnendur: Hafsteinn Hasler, kt. 220653-4559, Eiðistorgi 7, 170 Seltjarnarnesi og Helga Bjarnadóttir, kt. 071259-4989, Kirkjuteigi 23, 105 Reykjavík.
Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 21. janúar 2002:
Formaður stjórnar: Helga Bjarnadóttir.
Meðstjórnendur: Hafsteinn Hasler.
Varastjórn: Elín Sigrún Erlingsdóttir, kt. 220765-3779, Reykási 9, 110 Reykjavík.
Firmað rita: Báðir stjórnarmenn saman.
Framkvæmdastjórn: Hafsteinn Hasler.
Prókúruumboð: Hafsteinn Hasler og Helga Bjarnadóttir.
Skoðunarmenn/endurskoðendur: Stefán Sigtryggsson, kt. 190652-2119, Nönnugötu 16, 101 Reykjavík og Þorbjörn Ingi Stefánsson, kt. 180277-4639, Einbúablá 42, 700 Egilsstöðum.
Hlutfé: 2.000.000 kr.
Tilgangur: Tilgangur félagsins er rekstur fasteigna og lánastarfsemi.
Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.
Lausnarskylda á hlutum: Nei.

(4668)

Félagið heitir: HB veitingar ehf.
Kt.: 630102-3910.
Heimili og varnarþing: Grensásvegi 10, 108 Reykjavík.
Dagsetning samþykktar er: 21. janúar 2002.
Stofnendur: Hafsteinn Hasler, kt. 220653-4559, Eiðistorgi 7, 170 Seltjarnarnesi og Helga Bjarnadóttir, kt. 071259-4989, Kirkjuteigi 23, 105 Reykjavík.
Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 21. janúar 2002:
Formaður stjórnar: Hafsteinn Hasler.
Meðstjórnandi: Helga Bjarnadóttir.
Varastjórn: Elín Sigrún Erlingsdóttir, kt. 220765-3779, Reykási 9, 110 Reykjavík.
Firmað rita: Báðir stjórnarmenn saman.
Framkvæmdastjórn: Helga Bjarnadóttir.
Prókúruumboð: Hafsteinn Hasler og Helga Bjarnadóttir.
Skoðunarmenn/endurskoðendur: Stefán Sigtryggsson, kt. 190652-2119, Nönnugötu 16, 101 Reykjavík og Þorbjörn Ingi Stefánsson, kt. 180277-4639, Einbúablá 42, 700 Egilsstöðum.
Hlutfé: 2.000.000 kr.
Tilgangur: Tilgangur félagsins er veitingarekstur, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.
Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.
Lausnarskylda á hlutum: Nei.

(4669)

Félagið heitir: Sveipur ehf.
Kt.: 630102-4130.
Heimili og varnarþing: Rofabæ 43, 110 Reykjavík.
Dagsetning samþykktar er: 21. janúar 2002.
Stofnandi: Árni Þórðarson, kt. 171254-4779, Eiðismýri 12, 170 Seltjarnarnesi.
Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 21. janúar 2002:
Stjórnarmaður: Árni Þórðarson.
Varamaður: Guðrún Björnsdóttir, kt. 171064-2289, Eiðismýri 12, 170 Seltjarnarnesi.
Firmað ritar: Stjórnarmaður.
Framkvæmdastjórn og prókúruumboð: Árni Þórðarson.
Skoðunarmenn/endurskoðendur: Jóhann Unnsteinsson, kt. 120259-3269, Háhæð 11, 210 Garðabæ og Moore Stephens endurskoðun ehf., kt. 560197-2419, Ármúla 6, 108 Reykjavík.
Hlutfé: 500.000 kr.

Tilgangur: Tilgangur félagsins er sala á hvers kyns þjónustu til sérfræðinga í tannlækningum og rannsóknarstarfsemi. Ennfremur rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur atvinnurekstur.
Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.
Lausnarskylda á hlutum: Nei.

(4670)

Félagið heitir: Áratog ehf.
Kt.: 630102-4210.
Heimili og varnarþing: Auðshaugi, 451 Patreksfirði.
Dagsetning samþykktar er: 1. janúar 2002.
Stofnendur: Bjarni Svanur Kristjánsson, kt. 101058-6039, Auðshaugi, 451 Patreksfirði og Valgerður Ingvadóttir, kt. 160863-4479, s.st.
Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 1. janúar 2002:
Formaður stjórnar: Valgerður Ingvadóttir.
Meðstjórnandi: Bjarni Svanur Kristjánsson.
Varastjórn: Ingvi Bjarnason, kt. 061235-2999, Arnórsstöðum Neðri, 451 Patreksfirði.
Firmað rita: Báðir stjórnarmenn saman.
Framkvæmdastjórn: Bjarni Svanur Kristjánsson.
Prókúruumboð: Bjarni Svanur Kristjánsson og Valgerður Ingvadóttir.
Skoðunarmenn/endurskoðendur: Sigurbjörg Jónsdóttir, kt. 240643-4649, Arnórsstöðum Neðri, 451 Patreksfirði, og Þórarinn Sveinsson, kt. 151045-4999, Hólum, 380 Króksfjarðarnesi.
Hlutfé: 500.000 kr.
Tilgangur: Tilgangur félagsins er útgerð, heildsala, smásala, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.
Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.
Lausnarskylda á hlutum: Nei.

(4671)

Félagið heitir: Gunnar og Ólafur ehf.
Kt.: 630102-4480.
Heimili og varnarþing: Glitvangi 1, 220 Hafnarfirði.
Dagsetning samþykktar er: 16. janúar 2002.
Stofnendur: Gunnar Bergsveinsson, kt. 080554-4279, Urðarhæð 1, 210 Garðabæ og Ólafur S. Vilhjálmsson, kt. 150151-3179, Glitvangi 1, 220 Hafnarfirði.
Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 16. janúar 2002:
Stjórnarmaður: Ólafur S. Vilhjálmsson.
Varamaður: Gunnar Bergsveinsson.
Firmað ritar: Stjórnarmaður.
Prókúruumboð: Gunnar Bergsveinsson og Ólafur S. Vilhjálmsson.
Skoðunarmenn/endurskoðendur: Endurskoðun Gunnars Hjaltalín ehf., kt. 620394-2469, Fjarðargötu 13-15, 220 Hafnarfirði.
Hlutfé: 500.000 kr.
Tilgangur: Tilgangur félagsins er bygginga- og verktakastarfsemi ásamt rekstri fasteigna og lánastarfsemi.
Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.
Lausnarskylda á hlutum: Nei.

(4672)

Félagið heitir: Hraunhólmi ehf.
Kt.: 630102-4560.
Heimili og varnarþing: Hjallalandi 8, 108 Reykjavík.
Dagsetning samþykktar er: 21. janúar 2002.
Stofnandi: Þráinn Karlsson, kt. 090638-4839, Hjallalandi 8, 108 Reykjavík.
Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 21. janúar 2002:
Stjórnarmaður: Þráinn Karlsson.
Varamaður: Birna Magnúsdóttir, kt. 161235-2619, Hjallalandi 8, 108 Reykjavík.
Firmað ritar: Stjórnarmaður.
Framkvæmdastjórn og prókúruumboð: Þráinn Karlsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Hjalti Magnússon, kt. 171151-3849, Víðihlíð 42, 105 Reykjavík.
Hlutfé: 15.304.045 kr.
Tilgangur: Tilgangur félagsins er eignaumsýsla og annar skyldur rekstur.
Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.
Lausnarskylda á hlutum: Nei.

(4673)

Félagið heitir: Hreimur Garðarsson ehf.
Kt.: 630102-4640.
Heimili og varnarþing: Hátröð 2, 200 Kópavogi.
Dagsetning samþykktar er: 1. janúar 2002.
Stofnandi: Hreimur Heiðar Garðarsson, kt. 250357-3469, Hátröð 2, 200 Kópavogi.
Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 1. janúar 2002:
Stjórnarmaður: Hreimur Heiðar Garðarsson.
Varamaður: Sigríður Ingólfssdóttir, kt. 060959-2269, Hátröð 2, 200 Kópavogi.
Firmað ritar: Stjórnarmaður.
Framkvæmdastjórn og prókúruumboð: Hreimur Heiðar Garðarsson.
Skoðunarmaður/endurskoðandi: Þórhallur Björnsson, kt. 061253-4919, Brekkubæ 4, 110 Reykjavík.
Hlutfé: 500.000 kr.
Tilgangur: Tilgangur félagsins er rekstur vinnuvéla, smásala, heildsala, innflutningur, útflutningur, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.
Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.
Lausnarskylda á hlutum: Nei.

(4674)

Félagið heitir: Listasmíði ehf.
Kt.: 640102-2090.
Heimili og varnarþing: Skaftárvöllum 10, 880 Kirkjubæjarklaustri.
Dagsetning samþykktar er: 1. janúar 2002.
Stofnandi: Eiður Björn Ingólfsson, kt. 240765-4469, Skaftárvöllum 10, 880 Kirkjubæjarklaustri.
Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 1. janúar 2002:
Stjórnarmaður: Eiður Björn Ingólfsson.
Varamaður: Sigurjóna Björk Andrésdóttir, kt. 181168-3589, Skaftárvöllum 10, 880 Kirkjubæjarklaustri.
Firmað ritar: Stjórnarmaður.
Prókúruumboð: Eiður Björn Ingólfsson.
Skoðunarmenn/endurskoðendur: Endurskoðun og ráðgjöf ehf., kt. 671086-1209, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ og Eymundur Sveinn Einarsson, kt. 081166-3319, Sunnuflöt 12, 210 Garðabæ.
Hlutfé: 500.000 kr.
Tilgangur: Tilgangur félagsins er húsasmíðar, trésmíðar, rekstur trésmíðaverkstæðis, verktakastarfsemi, lánastarfsemi, rekstur fasteigna og rekstur byggingavöruverslunar og tengdur rekstur.
Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.
Lausnarskylda á hlutum: Nei.

(4675)

Félagið heitir: Náttu ehf.
Kt.: 640102-2170.
Heimili og varnarþing: Boðagranda 2a, 107 Reykjavík.
Dagsetning samþykktar er: 3. janúar 2002.
Stofnandi: Lilja Björg Eysteinsdóttir, kt. 050467-4069, Boðagranda 2a, 107 Reykjavík.
Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 3. janúar 2002:
Stjórnarmaður: Lilja Björg Eysteinsdóttir.
Varamaður: Ólafur Stefánsson, kt. 030368-3559, Boðagranda 2a, 107 Reykjavík.
Firmað ritar: Stjórnarmaður.
Framkvæmdastjórn: Lilja Björg Eysteinsdóttir.
Prókúruumboð: Lilja Björg Eysteinsdóttir og Ólafur Stefánsson.

Skoðunarmenn/endurskoðendur: Pétur Guðbjartsson, kt. 221157-4789, Gautavík 11, 112 Reykjavík og Þrep ehf., kt. 611287-1869, Skipholti 50b, 105 Reykjavík.
Hlutfé: 500.000 kr.
Tilgangur: Tilgangur félagsins er ráðgjöf gisti-húsa og hótela, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.
Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.
Lausnarskylda á hlutum: Nei.

(4676)

Félagið heitir: **Netram ehf.**
Kt.: 640102-2250.
Heimili og varnarþing: **Holtagerði 58, 200 Kópavogi.**
Dagsetning samþykktar er: 20. janúar 2002.
Stofnendur: Elín Guðbjartsdóttir, kt. 230959-4049, Holtagerði 58, 200 Kópavogi og Marten Ingi Lövdahl, kt. 200858-7869, s.st.
Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 20. janúar 2002:
Stjórnarmaður: Elín Guðbjartsdóttir.
Varamaður: Marten Ingi Lövdahl.
Firmað rita: Stjórnarmaður og varamaður saman.
Framkvæmdastjórn: Marten Ingi Lövdahl.
Prókúruumboð: Elín Guðbjartsdóttir og Marten Ingi Lövdahl.
Skoðunarmenn/endurskoðendur: Kjartan Þórðarson, kt. 240649-3309, Lindarflöt 16, 210 Garðabæ og Ólafur Óskar Halldórsson, kt. 150744-2299, Sólvallagötu 32, 101 Reykjavík.
Hlutfé: 500.000 kr.
Tilgangur: Tilgangur félagsins er almennar smíðar, viðhald fasteigna og skyld starfsemi. Einnig rekstur fasteigna og lánastarfsemi.
Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.
Lausnarskylda á hlutum: Nei.

(4677)

Félagið heitir: **OBGYN ehf.**
Kt.: 640102-2330.
Heimili og varnarþing: **Aðallandi 10, 108 Reykjavík.**
Dagsetning samþykktar er: 1. janúar 2002.
Stofnandi: Hildur Harðardóttir, kt. 080657-5959, Aðallandi 10, 108 Reykjavík.
Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 1. janúar 2002:
Stjórnarmaður: Hildur Harðardóttir.
Varamaður: Óskar Einarsson, kt. 091257-6109, Aðallandi 10, 108 Reykjavík.
Firmað ritar: Stjórnarmaður.
Framkvæmdastjórn og prókúruumboð: Hildur Harðardóttir.
Skoðunarmaður/endurskoðandi: Sturla Jónsson, kt. 150953-3249, Sigluvogi 11, 104 Reykjavík.
Hlutfé: 500.000 kr.
Tilgangur: Tilgangur félagsins er rekstur á læknisstofu og skyld starfsemi, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.
Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.
Lausnarskylda á hlutum: Nei.

(4678)

Félagið heitir: **Útgerðarfélagið Sæbjörn ehf.**
Kt.: 640102-2410.
Heimili og varnarþing: **Hlíðargötu 25, 750 Fáskrúðsfirði.**
Dagsetning samþykktar er: 17. janúar 2002.
Stofnendur: Erlendur Jóhannesson, kt. 101037-7119, Hlíðargötu 25, 750 Fáskrúðsfirði og Rannveig Bergkvistsdóttir, kt. 260642-3249, s.st.
Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 17. janúar 2002:
Formaður stjórnar: Rannveig Bergkvistsdóttir.
Meðstjórnendur: Erlendur Jóhannesson.
Varastjórn: Jóhannes M. Erlendsson, kt. 160267-5939, Hlíðargötu 59, 750 Fáskrúðsfirði.

Firmað ritar: Meirihluti stjórnar.
Framkvæmdastjórn og prókúruumboð: Erlendur Jóhannesson.
